

**Ed.**

**354. Frumvarp til laga**

**[190. mál]**

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

(Eftir 2 umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

3. Þegar úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur kafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá, sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins. Getur hann einnig kafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skytt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattfyrirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið, að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. laganna kemur ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómara farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.